



Ráðstefna og makaferð PGA á Íslandi til Kaupmannahafnar

Makaferð

Farið til Kaupmannahafnar að morgni 26. febrúar og heim 28. febrúar. Hægt er að velja um flug með Icelandair og WOW þennan morguninn.

Nokkrir hafa bókað gistingu á Scandic Palace hótelinu sem er á besta stað í borginni. Á heimasíðunni <http://www.scandichotels.dk/> en þar er hægt að finna tilboð á gistingu hjá hótelinu.

Ekki er nein fyrirfram plönuð dagskrá en þeir sem hafa áhuga á að fara saman út að borða á laugardagskvöldið geta haft samband við Inga Rúnar ingi@rgolf.is sem mun sjáum að panta borð á einhverjum góðum veitingastað.

Ráðstefna

Þeir sem hafa verið í makaferðinni færa sig á Scandic hótelið seinnipartinn á sunnudag þar sem ráðstefnan hefst á mánudag. Hótelið er í næsta nágrenni við ráðstefnuna.

Meðal þeirra sem verða með fyrirlestra á ráðstefnunni eru Brian Manzella golfkennari og Tom Wishon kylfuhönnuður.

Brian hefur m.a. þrisvar sinnum verið valin einn af 100 bestu golfkennurum af Golf Magazine og tvisvar einn af 50 bestu kennurum Bandaríkjana af Golf Digest. Brian er 53 ára og hefur kennt golf í 31 ár.

Mánudagurinn verður íslendingadagur á ráðstefnunni. Þar munum fara fram hringborðsumræður og verið er að vinna í að fá einn fyrirlesara til að hitta okkur.

Mælst er til þess að hver og einn sjái um sína bókun bæði á hóteli og flugi. Gaman væri að sjá sem flesta gera sér góða helgi saman. Einhverjir hafa bókað sig heim með WOW á hadegi þann 3. mars svona til viðmiðunar.

Bókun á ráðstefnuna er hjá Inga Rúnari á netfangið ingi@rgolf.is

Kostnaður á ráðstefnuna er DKK 2000 en ef einhver vill vera þessa tvo auka daga með Brian Manzella þá kostar það DKK 3000 aukalega.

PGA á Íslandi mun niðurgreiða ráðstefnuna einsog í fyrra. Fer eftir þáttakendafjölda hversu mikil niðurgreiðslan er á mann.